

Að hefja störf á Landspítala

Fyrstu dagarnir, vikurnar og mánuðirnir í starfi eru fullir af lærdómi, upplýsingum og spurningum.

Við vonum að þú munir kíkja á þessa síðu og renna yfir verkefnalistana sem hér má finna þegar upp koma spurningar sem þig vantar svör við, eða til að finna út hvern er best að ræða við ef þú þarfnast frekari aðstoðar.

Tilbúin/n? Hefjumst þá handa!

Áður en þú hefur störf

Það eru nokkur skref sem þú getur tekið til að auðvelda þér að hefja störf á spítalanum, jafnvel áður en þú mætir til starfa.

Skilaðu inn upplýsingum

- Ef við á, sendu upplýsingar s.s. staðfest námsyfirlit/vottorð til þíns stjórnanda
- Skrifðu undir þagnarskyldusamkomulag

Fyrstu dagarnir

Frá haustinu 2019 mun allt starfsfólk hefja sinn fyrsta starfsdag í nýliðamóttöku í Skaftahlíð. Þar fá nýir starfskraftar upplýsingar um spítalann, farið verður yfir aðgangsmál og munu nýliðar hitta starfsmannahjúkrunarfræðing.

Dagskrá, starfsábyrgð og væntingar

- Setjið upp dagskrá vikunnar og staðfestu nýliðamóttöku og aðra þá þjálfun sem þinn næsti yfirmaður setur upp
- Spurðu þinn næsta yfirmann um starfssvæði þitt, skipurit spítalans, skipulag og markmið
- Skoðuðu starfslýsingu þína og skyldur og hvert hlutverk þinnar deildar er í heildinni
- Spyrðu spurninga um verklagsreglur er varða yfirvinnu, orlof, veikindi o.þ.h.

- Óskaðu eftir upplýsingum um Starfsmannafélag Landspítalans og skráðu þig [hér](#) ef þú hefur áhuga á að vera aðili í því

Samskipti

- Vertu tilbúinn að hitta samstarfsfólk þitt á fyrsta degi
- Kynntu þig fyrir öðrum á vinnustaðnum

Starfsumhverfi

- Óskaðu eftir upplýsingum um eftirfarandi:
- Aðgangskort starfsmanna, starfsmannalykla (ef við á)
- Samgöngur, bílastæði og [samgöngusamning](#)
- Öryggis- og neyðarupplýsingar
- Kynningarferð um spítalann
- Hvar er hægt er að nálgast gögn/vistir
- Að rata um Landspítalann - [Yfirlitskort](#)

Tækniágangur og tengd mál

- Fáðu upplýsingar um tölvubúnað
- Skráðu niður nauðsynleg símanúmer
- Óskaðu eftir aðgangi að vefsvæðum
- Óskaðu eftir aðgangi að [Workplace](#)